

króna sekt til menningarsjóðs, er greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella með einföldu fangelsi í 20 daga. Ennfremur greiði kærður allan sakarkostnað. Á málinu hefir ekki orðið dráttur.

Miðvikudaginn 7. október 1936.

Nr. 39/1936. **Valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)

gegn

Ingólfi Matthíassyni (Eggert Claessen).

Um vitnaskyldu.

Úrskurður löggluréttar Reykjavíkur 12. febr. 1936:
Vitninu, Ingólfi Matthíassyni, er skylt að gefa framan-
greindar upplýsingar í máli þessu.

Dómur hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða úrskurði hefir valdstjórnin skotið til hæstaréttar að beiðni loftskeytamannsins Ingólfs Matthíassonar. Hefir Ingólfi verið stefnt og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Aðdragandi málsins er sá, að hinn 12. febrúar þ. á. var í lögglurétti Reykjavíkur hafin réttarrannsókn gegn Aðalsteini Pálssyni, skipstjóra á b/v „Belgaum“, og honum gefið að sök að hafa stundað ólöglegar fiskveiðar í landhelgi svo og að hafa gefið veiðimönnum á öðrum skipum upplýsingar um ferðir varðskipanna. Sakaráburð sinn studdi rannsóknardómarinn við dulskeyti nokkur, sem aðallega höfðu farið á milli skips Aðalsteins og ýmissa nafngreindra togara, en skeyti þessi hafði lögreglan fyrir

upphaf réttarrannsóknarinnar fengið í vörzlur sínar. Aðalsteinn neitaði að vera sekur; hann viðurkenndi að visu að hafa skiptzt á dulskeytum við téða togara, en kvað þær skeytasendingar ósagnæmar. Var nú loftskeytamaðurinn á b/v „Belgaum“, Ingólfur Matthiasson, stefndur hér fyrir dómi, kvaddur fyrir réttinn sem vitni, og gerði rannsóknardómarinn honum kunnugt, að samkvæmt gögnum þeim, sem fyrir lögju í málinu, mætti ætla, að skip það, sem stefndur hefði starfað á sem loftskeytamaður, hefði fengið upplýsingar um ferðir varðskipanna, og spurði stefndan að því, hvort svo hefði verið og hvort mikil brögð hefðu að því verið. Lýsti stefndur þá yfir því, að hann neitaði að svara öllum spurningum og gefa upplýsingar um sendingu og viðtöku þeirra skeyta, er hann hefði afgreitt svo og um efni þeirra. Bar hann fyrir sig þagnarskyldu sína í starfi sínu. Útaf þessu kvað dómarinn svo á með hinum áfrýjaða úrskurði, að stefnda væri skylt sem vitni að svara spurningum varðandi efni þeirra skeyta, sem hann hefði á skipi kærða annazt afgreiðslu á. Hér fyrir dómi hefir nú verjandi stefnda krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi. Þessu til stuðnings er það fært, að starfsmönnum við þráðlaus firðviðskipti sé í starfi sínu lögð á herðar þagnarskylda með 5. gr. laga nr. 82 frá 1917, um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, sbr. 15. gr. laga nr. 12 frá 1905, um ritsíma, talsíma o. fl., og sé refsing viðlögð, ef útaf er brugðið. Í samræmi við lög þessi hafi stefndur undirritað heit um að skýra engum frá því, sem hann verður áskynja í starfi sínu. Sé hann þess vegna undanþeginn vitnaskyldu í máli þessu. Á þetta verður ekki fallizt. Í greindum lögum, sem ekki minnst sérstaklega á vitnaskyld-

una, er ekki að finna undnaðágu frá vitnaskyldu í máli eins og þessu. Þess er þegar getið, að réttarrannsókn sú, sem mál þetta er risið útaf, beinist að því að fá m. a. vitneskju um, hvort send hafa verið frá b/v „Belgaum“ til annarra veiðiskipa skeyti um ferðir varðskipanna. Ef slík skeyti hefðu verið send, stefndur tekið þátt í því og vitað um efni þeirra, þá gæti sá verknaður varðað hann refsingu samkvæmt 4. gr. laga nr. 5 frá 1920. Að því leyti sem dómari kann að krefja stefnda sagna um slík eða hliðstæð atriði, koma til greina um stefnda gildandi ákvæði um afstöðu sakbornings til spurninga rannsóknardómarans. Vitnaskylda stefnda tekur þannig ekki til að gefa upplýsingar, sem hann hefir ástæðu til að ætla, að bakað geti honum refsíabyrgð. Ber þessvegna með þessari takmörkun að dæma hann skyldan til að bera vitni í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt að allur kostnaður við áfrýjun málsins greiðist af almannafé, þar með talin málflytningu laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 75.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Stefndum, Ingólfi Matthíassyni, er skylt sem vitni að svara spurningum rannsóknardómarans um efni skeyta þeirra, sem hann hefir annazt afgreiðslu á, þó þannig, að vitnaskylda hans tekur ekki til upplýsinga, sem ástæða er til að ætla að geti bakað honum refsíabyrgð.

Allur kostnaður við áfrýjun málsins greiðist af almannafé, þar með talin málflytningu laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæsta-

réttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lín-
dal og Eggerts Claessen, kr. 75.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu er skipstjórinn á togaranum Belgaum, Aðalsteinn Pálsson, sakaður um ólöglegar veiðar í landhelgi svo og um það að hafa gefið öðrum veiðiskipum upplýsingar um ferðir varðskipanna við Ísland. Undir rannsókn málsins hefir loftskeytamaður kærða, Ingólfur Mattliasson, mætt sem vitni, og verið spurður um efni þeirra skeyta, sem hann hafi annazt um afgreiðslu á, með því að telja verður, að upplýsingar um það geti haft verulega þýðingu í máli þessu. Vitnið hefir neitað að svara öllum spurningum hér að lútandi og byggir vitnið neitun sína á því, að slíkar upplýsingar bryti í bága við þagnarheit, sem það hefir unnið. Rétturinn verður hinsvegar að líta svo á, að þagnarheit þetta sé eigi bindandi, er vitnisburðar er krafizt í opinberu máli sem því, er hér liggur fyrir, og ber því, þar sem umræddar upplýsingar geta, eins og að framan greinir, haft verulega þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, að skylda vitnið til að gefa umræddar upplýsingar.

Föstudaginn 9. október 1936.

Nr. 62/1936. Valdstjórnin

gegn

Magnúsi Norðfjörð Magnússyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn þessa máls er að ýmsu leyti ábótavant og verður að leggja fyrir rannsóknardómarann að halda framhaldsrannsókn, áður en málið er dæmt í hæstarétti, um eftirgreind atriði: